

Greinargerð um vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar gegn sýklalyfjaónæmi

1. Samantekt

Norræna One Health-yfirlýsingin um sýklalyfjaónæmi frá árinu 2015 leiddi til þess að Norræna ráðherranefndin jók áherslu á þennan mikilvæga málaflokk og setti á fót norrænan stefnumörkunarhóp og norrænan sérfræðingahóp um sýklalyfjaónæmi. Hvítbók Norðurlandaráðs: „Norden i samlet kamp mod antimikrobiel resistens“ (Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi) hefur átt sinn þátt í að vekja athygli á málefningu og hraðað störfum hópanna tveggja. Tillögurnar tólf í hvítbókinni verða áfram viðfangsefni vinnuhópanna á formennskuári Íslands. Grundvallarskilyrðið af hálfu ráðherranefndarinnar er að kröftunum verði beint að verkefnum sem fela í sér norræna nytsemi og Norðurlöndin geta sameiginlega haft áhrif, einnig á alþjóðavettvangi. Sú krafa er einnig mikilvæg þegar lagt er mat á hvernig fylgja eigi eftir tillögum hvítbókarinnar. Auk þess að ræða hvítbókina hafa hóparnir fjallað um mikilvæg sýklalyf, fræðsluáttak um sýklalyfjaónæmi og um sýklalyfjaónæmi í umhverfinu. Báðir hópar telja mikilvægt að fjalla einnig um sýklalyfjaónæmi í umhverfinu til að tryggja heildræna nálgun í anda One Health. Þá hafa Norræna ráðherranefndin og Norðvestur-Rússland gert samstarfsáætlun á sviði heilbrigðismála um sýklalyfjaónæmi.

Hér á eftir gerir ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál ítarlega grein fyrir störfum sínum hvað varðar sýklalyfjaónæmi. Við gerð skýrslunnar er stuðst við upplýsingar frá samstarfssviði fiskveiða og fiskeldis, landbúnaðar, matvæla og skógræktar. Ráðherranefndin gefur framvegis árlega skýrslu um störf sín á sviði félags- og heilbrigðismála og mun ráðherranefndin um heilbrigðis- og félagsmál leggja hana fram á þingi Norðurlandaráðs.

2. Inngangur

Sýklalyfjaónæmi er vaxandi alþjóðlegt vandamál sem ógnar heilsu manna og dýra og eykur útgjöld, einkum í heilbrigðiskerfinu. Til þess að snúa þeirri þróun við verður að draga úr notkun sýklalyfja þar sem notkun sýklalyfja getur fjölgað og viðhaldið bakteríum sem myndað hafa þol gegn lyfjum. Myndun ónæmis gegn sýklalyfjum er nátengd sýklalyfjanotkun hjá mönnum og dýrum.

Norræna One Health-yfirlýsingin

Norræna One Health-yfirlýsingin um sýklalyfjaónæmi dagsett 9. september 2015 í Kaupmannahöfn markar samkomulag heilbrigðisráðherra og ráðherra landbúnaðar,



fiskveiða og fiskeldis og matvæla á Norðurlöndunum um að efla norrænt samstarf um að draga úr dreifingu sýklalyfjaónæmra baktería og stuðla að ábyrgari notkun sýklalyfja.

Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) og ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) tilkynntu að norrænt samstarf gegn sýklalyfjaónæmi yrði þverlægt og heildrænt, út frá svonefndri One Health-hugsun.

3. Norrænt samstarf

Bakgrunnur

Á grundvelli One Health-yfirlýsingarinnar ákváðu ráðherranefndirnar um félags- og heilbrigðismál (MR-S) og um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) að setja á fót tvo norræna vinnuhópa, One Health-stefnumörkunarhóp og One Health-sérfræðingahóp gegn sýklalyfjaónæmi. Hóparnir eiga meðal annars að styðja norrænt samstarf um að draga úr dreifingu sýklalyfjaónæmis og stuðla að ábyrgari sýklalyfjanotkun á Norðurlöndum. Norræna samstarfið á einnig að styðja alþjóðlegt samhæfingarstarf á vettvangi Evrópusambandsins (ESB), Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO), Matvæla- og landbúnaðarstofnunar SP (FAO) og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE).

Stefnumörkunarhópurinn á meðal annars að vera tengiliður milli sérfræðinga og stjórnámálanna á Norðurlöndunum og halda þeim síðarnefndu við efnið hvað varðar sýklalyfjaónæmi. Stefnumörkunarhópurinn á jafnframt að leggja fram tillögur að vinnu sérfræðingahópsins og ræða skýrslu af árlægum fundi sérfræðingahópsins.

Norrænn leiðtogafundur í Álasundi

Í júní 2017 fór fram norrænn leiðtogafundur um baráttuna gegn sýklalyfjaónæmi. Fundurinn var haldinn í tengslum við fund í ráðherranefndinni um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS). Meðal þátttakenda voru Vytenis Andriukaitis, framkvæmdastjóri hjá ESB og Sally Davies, yfirmaður hjá breskum heilbrigðismálayfirvöldum. Ráðherranefndin sendi frá sér yfirlýsingu eftir fundinn þar sem hún lagði áherslu á mikilvægi þess að Norðurlöndin haldi áfram að efla samstarf sitt um sýklalyfjaónæmi hjá alþjóðlegum stofnunum, Evrópu-sambandinu, Sameinuðu þjóðunum, Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni. Ráðherranefndin um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) tiltók sérstaklega þrjú svið þar sem Norðurlöndin standa framarlega og þörf er á samræmdum aðgerðum landanna til að ná betri tökum á sýklalyfjaónæmi:

- Leggja áherslu á góðar forvarnir, draga úr notkun sýklalyfja og gera hana ábyrgari.
- Bæta verklag við lyfjaávisanir og að þær feli ekki í sér efnahagslegan ávinning fyrir þann sem ávísar lyfinu.
- Einskorða tiltekin sýklalyf við notkun hjá mönnum en leyfa ekki notkun þeirra hjá dýrum.



Hvítbók Norðurlandaráðs um sýklalyfjaónæmi

Á vordögum 2017 barst Norrænu ráðherranefndinni hvítbók Norðurlandaráðs, „Norden i samlet kamp mod antimikrobiel resistens“ (Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi) og tilmæli 3/17 þess efnis að ráðherranefndin styðji tillögurnar pólitískt með aðgerðum og fjárveitingum til þess að markmiðunum verði náð.

Ráðherranefndin sendi skriflegt svar við tilmælunum í maí 2017. Í svarinu greinir ráðherranefndin frá yfirstandandi verkefnum og segist hafa orðið að einhverju leyti við tilmælunum. Í september 2017 óskaði Norðurlandaráð eftir pólitísku samráði við ráðherranefndina og fór það fram 22. mars 2018 í Uppsölum milli Norðurlandaráðs og ráðherranefndarinnar um félags- og heilbrigðismál. Samráðinu lyktaði með samkomulagi þess efnis að ráðherranefndin gefi Norðurlandaráði framvinduskýrslu um vinnu ráðherranefndarinnar að tillögum hvítbókar Norðurlandaráðs, „Norden i samlet kamp mod antimikrobiel resistens“ (Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi).

Sérfræðingahópurinn hefur einnig, að beiðni stefnumörkunarhópsins, afgreitt og farið yfir tillögurnar tólf í hvítbók Norðurlandaráðs. Í maí 2018 barst stefnumörkunarhópunum uppfært svar við þeirri beiðni. Svar sérfræðingahópsins er að finna í fylgiskjali 1.

Áframhaldandi vinna ráðherranefndarinnar með hvítbókina

Á fundum sérfræðingahópsins og stefnumörkunarhópsins á formennskuári Noregs 2017 og Svíþjóðar 2018 komu fram skýrar óskir þess efnis að Norðurlöndin efla samstarf sitt í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi. Jafnframt að mikilvægt sé að norrænt samstarf nálgist viðfangsefnið heildrænt í anda One Health með hliðsjón af norrænum gildum og alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði.

Þungamiðjan starfsins í stefnumörkunarhópnum og sérfræðingahópnum eru tillögurnar tólf í hvítbók Norðurlandaráðs og mat sérfræðingahópsins á þeim, samanber það sem hér hefur komið fram. Svo verður enn um sinn, einkum þegar um er að ræða tillögur sem geta falið í sér norræna nytsemi. Sú vinna er einnig í forgangi hjá ráðherranefndinni á formennskuári Íslands eins og vikið verður að síðar. Enginn vafi leikur á því að tillögur hvítbókarinnar verða áfram viðfangsefni stefnumörkunarhóps og sérfræðingahóps, einnig eftir að formennskuári Íslands lýkur.

Á formennskuári Svíþjóðar 2018 héldu hóparnir sameiginlegan fund í Sigtuna. Fundurinn var árangursríkur og var ákveðið að endurtaka leikinn á formennskuári Íslands. Enn fremur að fundum í sérfræðingahópnum verði fjölgað í því skyni að nýta samlegðina milli hópanna sem best og tryggja skilvirkt ákvörðunarferli. Þetta mun efla vinnuna með tillögur hvítbókarinnar.

Annað starf

Hóparnir tveir hafa unnið með tillögurnar tólf í hvítbókinni en einnig fjallað um mikilvæg sýklalyf, fræðsluáttak um sýklalyfjaónæmi og um sýklalyf í umhverfinu. Nánar er fjallað um mikilvæg sýklalyf í fylgiskjali 1.



Fræðsluáttak um sýklalyfjaónæmi

Á árinu 2017 átti formennskulandið Noregur frumkvæði að þrígga ára verkefni sem fólst í að semja almenna samnorræna samskiptaáætlun um sýklalyfjaónæmi sem löndin gætu síðan staðfært og innleitt hvert um sig. Fjárveiting til verkefnisins er talin nema 2 milljónum DKK (2017–2019).

Einn hluti verkefnisins kom til framkvæmdar 2018 þegar könnuð voru viðhorf og þekking Norðurlandabúa á sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi. Norðmenn sáu um framkvæmd könnunarinnar. Niðurstöðurnar voru ræddar stuttlega í stefnumörkunarhópnum en hafa ekki verið birtar enn sem komið er. Niðurstöðurnar eiga að gefa vísbendingu um hvernig hentugast er að standa að fræðsluáttaki fyrir almenning á Norðurlöndum í nánustu framtíð um sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi. Sú vinna á eftir að skapa virðisauka í norrænu samstarfi og nýttast öðrum löndum.

Sýklalyfjaónæmi í umhverfinu

Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) ákvað árið 2019 að veita 500 þúsund DKK til verkefnis um sýklalyfjaónæmi. Verkefninu er ætlað að kortleggja og gera yfirlit yfir kerfisbundið eftirlit með sýklalyfjum/sýklalyfjaónæmum bakteríum í umhverfinu á Norðurlöndum. Hvaða tegundir sýklalyfja eða ónæmis eru vaktar, hvernig og af hverjum. Í þeim tilvikum þar sem skipulegt eftirlit er með skólphreinsistöðvum verða gerðar prófanir á dreifingu sýklalyfjaónæmis vegna notkunar manna á sýklalyfjum eða sambærilegum lyfjum.

Árangri verkefnisins og þekkingu á að miðla og ræða í málstofu þar sem yfirvöld og aðrir aðilar sem málið varðar taka þátt í því skyni að skapa bestu starfshætti á Norðurlöndum. Verkefnisstjórnin er í höndum sænsku lyfjastofnunarinnar, Läkemedelsverket.

Norræni sérfræðingahópurinn um sýklalyfjaónæmi sendi stefnumörkunarhópnum svar um hvítbók Norðurlandaráðs eftir fund sinn í desember 2017 í Ósló. Þar kom fram að umhverfissjónarmið vantaði í hvítbókina. Með því að flétta þau inn væri hægt að nálgast viðfangsefnið heilrænt í anda One Health.

Formennska Íslands í ráðherranefndinni

Með hliðsjón af niðurstöðum sérfræðingahópsins og stefnumörkunarhópsins undanfarin tvö ár hyggst ráðherranefndin leggja áherslu á eftirfarandi verkefni á formennskuári Íslands 2019 þar sem tekið er mið af álitum sérfræðingahópsins og tillögunum tólf í hvítbókinni.

1. Stefnumörkunarhópurinn á eftir að ræða betur álit sérfræðingahópsins varðandi hinar tólf tillögur hvítbókarinnar með tilliti til frekari aðgerða.
2. Stefnumörkunarhópurinn vinnur áfram að undirbúningi fræðsluáttaks um sýklalyfjaónæmi, samanber tillögu 7 í hvítbókinni um fræðsluáttak fyrir almenning á Norðurlöndum. Vinnan mun byggja á fyrrnefndu norrænu verkefni sem Noregur leiddi um viðhorf og þekkingu Norðurlandabúa á sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi. Stefnumörkunarhópurinn mun einnig ræða athugasemdir sérfræðingahópsins við tillögu 7.



3. Með hliðsjón af tillögu 10 í hvítbókinni um að samhæfa matvælaeftirlit og að landsbundin yfirvöld á Norðurlöndum skipti með sér verkum hyggst stefnumörkunarhópurinn ræða tillögur þess efnis að Norðurlöndin beri saman reynslu sína af skimun fyrir sýklalyfjaþolnum bakteríum í ferskum matvælum. Árangur þessa starfs mun eflaust skapa norrænan virðisauka og hugsanlega leiðbeiningar sem geta átt erindi til alþjóðasamfélagsins. Stefnumörkunarhópurinn mun einnig ræða tillögur sérfræðingahópsins um norræna rannsókn á sýklalyfjaónæmi í matvælum, innfluttum og framleiddum innanlands, í því skyni að afla bakgrunnsgagna fyrir rannsóknir á því hvernig bera má kennsl á smituppsprettur og gera áhættumat á sýklalyfjaónæmi.
4. Formennskulandið ásamt stefnumörkunarhópnum og sérfræðingahópnum munu fylgjast með framkvæmd og framvindu nýs verkefnis um sýklalyfjaónæmi í umhverfinu enda telur formennskulandið brýnt að styðja rannsóknir á uppruna sýklalyfjaónæmra baktería og hvernig þær berast í menn, dýr, matvæli, fóður og umhverfi – með heildrænni nálgun í anda One Health. Niðurstöður rannsóknarinnar munu án efa skapa norrænan virðisauka enda eru helstu drifkraftar ónæmisins á Norðurlöndum væntanlega ekki þeir sömu á og annars staðar í Evrópu þar sem sýklalyfjaónæmi er mikið.

4. Samstarf Norrænu ráðherranefndarinnar við Norðvestur-Rússland um sýklalyfjaónæmi

Að lokum ber að geta þess að Norræna ráðherranefndin og Norðvestur-Rússland hafa gert samstarfsáætlun á sviði heilbrigðismála. Áætlunin er hluti af nýrri Rússlands-áætlun sem samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) samþykktu 2016. Markmiðið með áætluninni er að þróa og efla samstarf Norðurlanda og Rússlands á sviði heilbrigðismála um forvarnir gegn sjúkdómum sem berast yfir landamæri. Á árunum 2019–2020 er ákveðið að leggja áherslu á sýklalyfjaónæmi. Fjárveiting til áætlunarinnar á umræddu tímabili nemur 6 milljónum DKK.

Sýklalyfjaónæmi er hnattrænn vandi sem nær yfir landamæri. Þess er vænst að Norðurlöndin geti miðlað af reynslu sinni og átt gagnlegt samstarf við Norðvestur-Rússland á jafningjagrundvelli. Umsýsla verkefnisins er í höndum finnsku heilbrigðis- og velferðarstofnunarinnar.

Almennt markmið verkefnisins er að Norðurlöndin og Rússland myndi samstarfsnet um sýklalyfjaónæmi, skiptist á sérfræðipokkingu og gögnum og leggi sitt af mörkum til framkvæmdar stefnu rússneskra yfirvalda um sýklalyfjaónæmi.

Áætlunin felst meðal annars í að:

- Vekja athygli almennings á afleiðingum sýklalyfjaónæmis.
- Þjálfva starfsfólk í heilbrigðisstétt.
- Bæta vöktun á sýklalyfjanotkun og sýklalyfjaónæmi.
- Herða eftirlit með sýklalyfjaónæmum bakteríum og koma í veg fyrir dreifingu þeirra.
- Skiptast á upplýsingum með námstefnum og námsferðum fyrir starfsfólk í heilbrigðisstétt.

Til

Afrit

Frá

Kåre Geil

Efni

Fylgiskjal 1 við Greinargerð um vinnu Norrænu ráðherranefndarinnar gegn sýklalyfjaónæmi

- 1) Svar norræna One Health-sérfræðingahópsins um sýklalyfjaónæmi við tólf tillögum í hvítbók Norðurlandaráðs: „Norden i samlet kamp mod antimikrobiel resistens“ (Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi)

Sérfræðingahópurinn styður almenn markmið hvítbókarinnar. Hins vegar er ekki alltaf skýrt samhengi milli markmiðanna og tillagnanna tólf sem eiga að greiða fyrir eftirfylgni þeirra. Þá er það mat hópsins að sumar tillögurnar séu í grundvallaratriðum pólitísku og efnahagslegs eðlis og liggi utan við ramma sérfræðingahópsins. Sérfræðingahópurinn hefur einnig vakið athygli á því að unnið er að fjölda verkefna alþjóðlega og á evrópskum vettvangi og því sé ástæða til að forðast skörun. Norðurlöndin taka þátt í mörgum þeirra verkefna.

Þá er það almenn skoðun sérfræðingahópsins að umfjöllun vanti í hvítbókina um umhverfismengun af völdum ónæmra baktería. Með ítarlegri umfjöllun um umhverfismál væri auðveldara að taka heildrænt á viðfangsefninu í anda One Health-hugsunarinnar. Hér á eftir fylgja athugasemdir sérfræðingahópsins við tillögurnar:

1. Hraðari og nákvæmari greiningar

Sérfræðingahópurinn styður tillöguna. Víða á Norðurlöndum er unnið að því að þróa og innleiða nærrannsóknir. Ekki kemur þó skýrt fram hvernig norrænt samstarf skapar meiri virðisauka en landsbundið og alþjóðlegt starf að þróun á betri og hraðvirkari aðferðum.

2. Besta hugsanlega sýklalyfjameðferð

Sérfræðingahópurinn styður tillöguna. Samstarfið gæti falist í prófunum r á notkun stærri skamma og styttri meðferða, nánar tiltekið notkun β -lactam lyfja bæði hjá mönnum og dýrum. Samstarf gerir okkur kleift að afla nauðsynlegra gagna mun hraðar en ella. Það er skoðun sérfræðingahópsins að norrænn virðisauki geti falist í gagnaskiptum, samanburði á reynslu af ýmis konar sýklalyfjameðferðum (lengd, skömmtum) og framkvæmd klínískra rannsókna.



3. Skynsamleg og rétt notkun sýklalyfja

Víða á Norðurlöndum er unnið af kappi við gerð leiðbeininga og mælingar á áhrifum þeirra, í læknisfræði en einnig dýralækningum. Mörg verkefni hafa verið öðrum löndum til hvatningar. Þrátt fyrir að dýrmætt sé að miðla bestu starfsháttum er ekki hægt að vænta þess að samstarf skapi virðisauka fyrir Norðurlöndin ef frá er talinn sá sjálfsagði kostur að verkefni og niðurstöður þeirra yrðu aðgengileg opinberlega, einnig alþjóðlega.

4. Sýkingavarnir og útbreiðsla sjúkdóma sem krefjast meðferðar

Markmiðið með tillögunni ætti einnig að vera að koma í veg fyrir að sýklalyfjaónæmi berist í dýr og milli þeirra, í menn og út í umhverfið í stað þess að einblína á sýkingaþætti. Þróun ræktunarkerfa í þá veru að bæta aðstæður dýranna og minnka þörf á sýklalyfjum lofar góðu og getur orðið öðrum löndum hvatning, einkum þar sem dýr eru alin í svipuðum tilgangi. Samnorræn rannsóknarverkefni á þessu sviði eru ákaflega vel þegin einkum ef þau fylgja meginreglunni um heilðræna hugsun í anda One Health. Tillaga um norrænt samstarf á þessu sviði var einnig borin fram á fundi sérfræðingahópsins í Helsinki 2016.

5. Notkun bóluafna í landbúnaði, fiskeldi og húsdýrastofnum

Skortur er á nauðsynlegum og æskilegum bóluafnum. Fyrsta skrefið í rétta átt væri að framkvæma þarfagreiningu og vinna tillögur að bólusetningaráætlunum sem myndu væntanlega draga úr sýklalyfjanotkun. Lagt er til að verkefnið verði í höndum NordForsk, norræna rannsóknaráðsins.

6. Hvati að þróun nýrra sýklalyfja og bóluafna

Sérfræðingahópurinn vill vekja athygli á mikilvægu atriði sem einnig er nefnt í hvítbókinni en það er að við tryggjum framboð á eldri tegundum sýklalyfja sem þjóna enn sínum tilgangi. Sérfræðingahópurinn telur ekki að þróun nýrra sýklalyfja og bóluafna eigi að vera norrænt verkefni. Hvatar að þróun nýrra sýklalyfja og bóluafna eru í verkahring alþjóðlegrar samstarfsstofnunar um sýklalyfjaónæmi, JPIAMR (Joint Programming Initiative on Antimicrobial Resistance).

7. Fræðsluáttak fyrir almenning á Norðurlöndum

Staðið hefur verið að ýmis konar fræðsluherferðum á Norðurlöndunum. Norrænt samstarf á þessu sviði er dýrmætt og ráðist hefur verið í norrænt verkefni sem er í umsjón Noregs (sjá nánari umfjöllun síðar). Þar fyrir utan er fjöldi alþjóðlegra verkefni en upplýsingar frá þeim eru aðgengilegar almenningi alls staðar á Norðurlöndum. Í stað þess að ráðast í ný átaksverkefni leggur sérfræðingahópurinn til að árangur fyrir verkefna verði kannaður, hvað virki og hvað síður, áður en nýjum átaksverkefnum er ýtt úr vör. Mikilvægt er að geta sýnt fram á að þau hafi áhrif.

8. Norrænar stofnanir og gagnagrunnur á netinu

Sérfræðingahópurinn telur ekki að setja eigi norræna stofnun í forgang eða gagnagrunn á netinu um örverufræði. Ýmsir gagnagrunnar eru þegar fyrir hendi. Þrátt fyrir að tillagan myndi efla samstarf norrænna stofnanna og spanna fleiri svið en hingað til er ástæða til að minna á umfangsmikið samstarf sem nú fer fram, einnig við stofnanir utan Norðurlanda.



9. Forgangslisti yfir hættulega sýkla og sameiginleg innkaup á mikilvægum sýklalyfjum

Sérfræðingahópurinn var ekki einróma í álitinu sínu um hvort skrá sem þessi fæli í sér norrænan virðisauka umfram skrár sem fyrir eru. Önnur leið væri að skima menn og dýr sem koma til Norðurlanda frá útvöldum löndum í þeim tilgangi að vakta innflutning sýkla sem gætu reynst hættulegir. Sérfræðingahópurinn var einhuga um að aukið norrænt samstarf um innkaup væri æskilegt, einkum kaup á eldri tegundum sýklalyfja sem enn eru mikilvæg en illfánleg.

10. Samhæfing matvælaeftirlits og verkaskipting milli landsbundinna yfirvalda á Norðurlöndum

Sérfræðingahópurinn getur ekki tekið undir röksemdafærsluna fyrir þessari tillögu. Aðstæður á Norðurlöndunum eru nokkurn veginn sambærilegar. Samræmdar ESB-reglur og ESB-ákvæðanir kveða á um að stofnanir með tiltekin verkefni og ábyrgðarsvið séu settar á laggirnar til að sjá um að matvælaöggjöfinni sé fylgt eftir. Fyrir vikið er takmarkað svigrúm til að bæta við samnorrænum eftirlitsstofnunum. Öflugt norrænt samstarf er mikilvægt til að greiða fyrir miðlun á reynslu og sérþekkingu. Samstarfið getur falist í reglulegum fundum milli umsjónaraðila með framkvæmd matvælaöggjafarinnar og sérfræðinga í viðbragðsáætlunum. Hópurinn styður að norrænt samstarf verði aukið enn frekar. Ein tillaga gengur út á að framkvæma norræna rannsókn á sýklalyfjaónæmi í matvælum, innfluttum og framleiddum innanlands, til að afla bakgrunnsgagna fyrir rannsóknir á því hvernig bera meg kennsl á smituppsprettur og gera áhættumat á sýklalyfjaónæmi.

11. Norðurlönd í Evrópu og víðar um heim

Sérfræðingahópurinn leggur til að gerð verði samskiptaáætlun um sýklalyfjaónæmi, hugsanlega sem norrænt verkefni. Hana mætti kynna fyrir alþjóðlegum heilbrigðismálastofnunum og á pólitískum vettvangi í þeim tilgangi að miðla reynslu Norðurlandanna af því að stemma stigu við sýklalyfjaónæmi. Sérfræðingahópurinn telur ástæða til að vekja athygli á öðru atriði en það er að hægt er að semja kröfur um umhverfissvæna framleiðslu sem ná til innkaupa á sýklalyfjum. Útbreiðsla sýklalyfjaónæmis vegna lyfjaframleiðslu og umhverfismengun af völdum sýkladrepani aukaafurða sem spillir heilsu manna og dýra eru stórt hnattrænt vandamál. Norðurlöndin gætu kannski skoðað nánar hvernig hægt er að hvetja lyfjaframleiðendur til að bæta innviði framleiðslunnar og gera hana umhverfissvænni. Norræn verkefni gætu falist í að auka hlutdeild lyfja sem eru framleidd á umhverfissvænan hátt.

12. Norræn áætlun

Sérfræðingahópurinn telur ekki að norræn framkvæmdaáætlun myndi bæta neinu við landsbundnar aðgerðaáætlanir eða aðgerðaáætlanir ESB eða Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO).

2) Mikilvæg sýklalyf

Í framhaldi af leiðtogafundinum í Álasundi bað stefnumörkunarhópurinn sérfræðingahópinn um að íhuga og gera grein fyrir takmörkunum sem há umræddum sýklalyfjum, hvort þörf sé á norrænni skrá yfir mikilvæg sýklalyf sem eru nauðsynleg



mönnum og hvort ástæða sé til að Norðurlöndin taki sameiginlega á þessum vanda í ljósi þeirrar vinnu sem hafin er á vettvangi ESB og alþjóðlega (leiðbeiningar, tillögur).

Sérfræðingahópurinn hefur tekið saman yfirlit yfir takmarkanir sem gilda á Norðurlöndum þar sem fram kemur það sem er líkt og ólíkt með löndunum. Á fundinum vildi sérfræðingahópurinn ekki styðja tillögu um norræna skrá yfir mikilvæg sýklalyf eingöngu til nota hjá mönnum en sem bönnuð eru fyrir dýr. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE) hafa tekið saman skrár um nokkurra ára skeið yfir mikilvæg sýklalyf til nota hjá mönnum annars vegar og hins vegar hjá dýrum. Skrárnar eru unnar samkvæmt fyrirfram skilgreindum viðmiðum. Sérfræðingahópurinn viðurkennir og styður mikilvægi þess að vinna skrár af þessu tagi alþjóðlega. Skrár Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar yfir mikilvæg sýklalyf voru teknar saman með áhættustýringu í huga fyrir lönd þar sem áhættan er mikil og fjölónæmar bakteríur eru útbreiddar. Í sumum löndum skortir innviði til að bregðast við áskorunum sem þessum. Á heildina lítið eru eftirlitskerfin á Norðurlöndunum öflug og fær um að bregðast tímanlega við nýjum áskorunum. Ef ný skrá á að fela í sér norrænan virðisauka þarf að byrja á því að semja viðmið fyrir skrána með teknu tilliti til þess hve lítið er um fjölónæmar bakteríur. Almennt er ástæða til að huga að annars konar ráðstöfunum, til að mynda nýjum forsendum eða takmörkunum á notkun þeirra fyrir dýr. Öll Norðurlöndin takmarka notkun ákveðinna sýkladrepana efna í lyfjum fyrir dýr. Sérfræðingahópurinn telur að nógildandi löggjöf og reglugerðafæri nægi til að koma í veg fyrir óæskilega notkun mikilvægra sýkladrepana efna í lyf fyrir menn og dýr á Norðurlöndum.

Stefnumörkunarhópurinn tekur við svörum sérfræðingahópsins og fagnar nýrri ESB-löggjöf (Veterinary Medicine Product Regulation, VMP, reglugerðar um dýralyf) og þeirri vinnu sem fer fram hjá Alþjóða matvælasráðinu (Codex) og Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (OIE).